

# STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 1994

21. janúar 1994

21

Nr. 24

## REGLUGERÐ

### um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins.

#### 1. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar afurðir af dýrum eða vörur sem geta borið smitefni er valda dýrasjúkdómum. Enn fremur hvers konar dýr, tamin eða villt, dauð eða lifandi eða erfðafni þeirra.

#### 2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hráar, saltaðar, forhitaðar eða forsteiktar sláturafurðir, unnar eða óunnar, fugla og vörur unnar úr þeim, ósoðna mjólk og afurðir unnar úr ósoðinni mjólk, blóð og blóðvatn eða efni unnin úr því. Sama gildir um lyf af dýrauppruna, t.d. vaxtarhvetjandi efni, lækningarsermi og „lifandi“ bólu efni.

#### 3. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó veitt undanþágu til innflutnings á takmörkuðu magni af vörum þeim sem tilgreindar eru í 2. gr. vegna sérstakra rannsókna enda mæli yfirdýralæknir með slíkum innflutningi hverju sinni og segi jafnframt fyrir um nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur getur landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni á innflutningi dýra og erfðafnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum um innflutning dýra nr. 54/1990.

#### 4. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hráar, ósútaðar húðir og skinn, horn og klaufir, kjötmjöl, beinamjöl og fóðurvörur sem unnar eru úr afurðum og úrgangi spendýra og fugla, alidýra-áburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði, hey og hálm.

Enn fremur er óheimilt að flytja inn óþvegna ull, notaða poka, óhreinar tuskur og fatnað, fiður, fjadrir, dún, stráteppi, óunnið dýrahár, notuð reiðtygi og reiðföt og búnað hvers konar sem notaður hefur verið til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum, notaðar landbúnaðarvélar og -vagna, notaðan veiðibúnað til stangveiði, ferskan og frosinn vatnafisk.

Innflutningsbann á þeim vörutegundum sem tilgreindar eru í þessari grein kemur þó ekki til framkvæmda ef varan hefur sóttþreinsast á viðhlítandi hátt við framleiðslu eða ef varan hefur verið sóttþreinsuð á fullnægjandi hátt að dómi yfirdýralæknis fyrir innflutning eða strax og varan kemur til landsins.

Eigandi eða umráðamaður ber kostnað af nauðsynlegri sóttþreinsun og útvegum nauðsynlegra vottorða sem leggja skal fram áður en unnt er að leysa út vöruna.

## 5. gr.

Innflutningur sláturafurða og mjólkurvara skal háður eftirfarandi skilyrðum:

- a) Afurðirnar skulu eingöngu koma frá landi þar sem tilkynningarskyldra illkynja dýrasjúkdóma hefur ekki orðið vart næstliðna sex mánuði áður en vinnsla eða pökkun vörunnar fór fram.
- b) Afurðirnar skulu vera af dýrum sem reyndust heilbrigð og laus við einkenni smitsjúkdóma við slátrun, og voru ekki gefin lyf svo skömmu fyrir slátrun að lyfjaleifar gætu leynst í sláturafurðinni.
- c) Óheimilt er að flytja til landsins afurðir, sem framleiddar hafa verið af búfé sem fengið hefur fóður sem inniheldur vaxtaraukandi efni eða lyf, nema um sé að ræða lyf gegn hníslasótt í alifuglum eða lyf sem notuð hafa verið tímabundið til lækninga.
- d) Slátrun dýra, meðferð og vinnsla afurða skal hafa farið fram við aðstæður sem yfirdýralæknir eða fulltrúi hans hefur metið viðhlítandi á allan hátt að því er varðar aðstöðu, hreinlæti og hollustuhætti.
- e) Slátur- og mjólkurafurðir, sem fluttar eru til landsins skulu uppfylla íslenskar reglur um aðskotaefni, sbr. rg. nr. 518/1993.
- f) Vörunni skulu fylgja opinber uppruna- og heilbrigðisvottorð eins og yfirdýralæknir krefst hverju sinni og varan skal merkt í samræmi við íslenskar reglur um matvæli og neysluvörur, sbr. rg. nr. 588/1993.
- g) Sérstök vottorð opinberra aðila skulu fylgja vörunni, þar sem staðfest er að hún hafi hlotið fullnægjandi hitameðferð. Kjöt sem inn er flutt skal hafa verið hitað það mikið að kjötið og blóðið hafi með öllu tapað rauðum eða rauðleitum blæ. Sóttthreinsun sláturafurða með geislameðferð er óheimil.
- h) Mjólkurvörur skulu því aðeins fluttar inn, að þær séu unnar úr gerilsneyddri mjólk.
- i) Innflytjandi eða umráðamaður vörunnar skal sjá til þess að öll nauðsynleg vottorð fylgi vörunni til landsins og ber hann þann kostnað sem kann að fylgja sóttvarnarráðstöfunum landbúnaðarráðuneytisins, t.d. nauðsynlegum sýnatökum og rannsóknnum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar. Þegar vara er flutt inn í fyrsta sinn, skal innflytjandi láta yfirdýralækni í té upplýsingar um vöruna og vottorð skv. þessari grein til athugunar og samþykktar áður en útskipun fer fram.

## 6. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á frjóvguðum alifuglaeggjum frá viðurkenndum kynbótabúum að fengnum tillögum yfirdýralæknis og með þeim sóttvarnaradgerðum sem hann telur nauðsynlegar hverju sinni. Innflutningur á ósoðnum eggjum og eggjadufti, sem ekki hefur verið hitað upp í að minnsta kosti 140°C, er hins vegar óheimill.

## 7. gr.

Stjórnendur skipa eða flugvéla sem koma til landsins með matarleifar sem í eru sláturafurðir skulu sjá til þess að þær séu losaðar í sérstaka vatnshelda sorpgáma og síðan eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Sláturafurðum sem fluttar eru inn án heimildar skal eytt á eldi eða annan tryggilegan hátt.

## 8. gr.

Farmenn og ferðamenn sem til landsins koma skulu hlíta sóttvarnarreglum þessarar reglugerðar að því er varðar sláturafurðir til eigin nota sem þeir kunna að hafa í farangri sínum.

## 9. gr.

Landbúnaðarráðherra er rétt að leyfa flutning á vörutegundum þeim sem tilgreindar eru í 2. gr. á frílager (transit) hjá tollgæslustöð, enda sé vara þessi flutt úr landinu án ónaudsynlegrar tafar. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að varan sé flutt í vandlega lokuðum umbúðum, þar sem innihald er tilgreint og sendingunni fylgi nauðsynleg uppruna- og heilbrigðisvottorð. Strax og slík „transit“vara kemur til landsins skal hún innsiglið og má eigi rjúfa innsiglið meðan varan er geymd hér á landi í vörslu tollgæslu.

## 10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt þeim lögum sem tilgreind eru í 11. gr. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um dýralækna nr. 77/1981, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## AUGLÝSING

### um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1993-1994.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávík við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds til neðantalinna búgreinafélaga verðlagsárið 1993-1994:

a) Félag hrossabænda	1,000 %
b) Landssamband kartöflubænda	0,500 %
c) Samband garðyrkjubænda	0,500 %
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275 %
e) Félag kjúklingabænda	0,275 %

Gjald til forfallaþjónustu í sveitum skal fellt niður hjá framleiðendum í eftirtöldum búgreinum sem hafna skriflega aðild að forfallaþjónustunni:

Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóð af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartaflna og gulrófna, falla niður.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. janúar 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*